



Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

38. fundur fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Borg, mánudaginn 17. apríl 2023 kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Guðrún S. Sigurðardóttir

Rúna Jónsdóttir

Brúney Bjarklind Kjartansdóttir

Bergur Guðmundsson

Haraldur Páll Þórsson

Ása Valdís Árnadóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir

Iða Marsibil Jónsdóttir

Fundargerð ritaði Rúna Jónsdóttir.

1. **Álögð fjallskil**

Ása kynnti áætlun og raun tölur síðustu ára, ræddar mögulegar breytingar. Sveitarstjórn mun sjá um Excel útreikinga.

2. **Girðingamál**

Ekki hefur neinn sótt um að taka yfir viðhald girðinga sveitarfélagsins. Sveitarstjórn hefur lauslega rætt við Bláskógarbyggð vegna þjóðgarðsgirðingar sem fékkst ekki mikill hljómgrunnur fyrir.

Fjallskilanevnd hvetur sveitarstjórn til að auglýsa eftir verktökum sem víðast. Farið yfir hvar helst er þörf á viðgerðum og nýgirðingum.

3. **Smalamennskur**

Rætt var um mögulegar breytingar á smalamennsku í haust og hvernig það skal framkvæmt.

4. **Skálamál**

Rætt hvernig skuli standa að uppbyggingu skála í Kerlingu.

Fundi slitið 19:50.

